



## Fundargerð

15. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 fimmtudaginn 27. ágúst 2020, sem var fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf  
Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Ólafur Páll Vignisson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu  
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Eva Björk Harðardóttir – áheyrnarfulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga  
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

**Dagskrá:**

[Verkefni sl. misseri og framundan](#)

**Markaðsmál**

Fannar verkefnastjóri kemur inn á fundinn og kynnir áherslur á innanlandsmarkaði sl. misseri. Innanlands markaðsherferð sumarsins „**Komdu á Suðrænar slóðir**“ er einn hluti **Sóknarfæra ferðabjónustunnar** á vegum SASS, sem MSS hafði umsjón og ábyrgð með. Fannar kynnir áherslur og árangur (tölfræði) herferðarinnar. Verkefnið var fjármagnað af SASS, unnið af MSS og Vert markaðsstofu. Undirbúningur herferðar var mikill en fara þurfti í greiningarvinnu þegar kemur að tækifærum og markhópum, fara í efnissköpun, gera nýjar lendingarsíður á vefnum (t.d. sæluferðir, fjölskylduferðir, ævintýraferðir og svæðissíður eftir þrískiptingu), kynningarfundir vegna Sóknarfæra og fleira. Rætt var að gott væri að setja einnig mælikvarða fyrir næstu herferð og þá höfum við líka samanburðinn við þessa. Verkefnið „Saga og mynd“ var keyrð á innlendum samfélagsmiðlum en þar var efni frá sunnlenskum fyrirtækjum birt á miðlunum. Unnið var með „Upplifðu Suðurland“ á Facebook og Suðurland á Instagram. Unnið hefur verið með verkefnahóp MAS að uppfærslu á vefsíðum landshlutanna. Fyrstu útgáfu af gagnvirkum lausninni **Upplifðu** var hleypt úr vör í júlí, fyrst á innlendum markaði. Verkefnið var fjármagnað af sveitarfélögum á Suðurlandi, SASS og MSS. Ragnhildur fer yfir verkefnið, stöðu og framhaldið. Einnig var unnið að ýmsum öðrum verkefnum í sumar eins og t.d. Daðamyndbandi og vefnámskeiði (e. webinar) með Íslandsstofu fyrir Bretlandsmarkað.

PR/fjölmiðlafyrirspurnir og -ferðir voru nokkrar í júlí og ágúst en ekki var lokað á slíkar heimsóknir í sumar líkt og venja er og sáu Helga og Fannar um þær.

**Framundan** er verið að skoða að senda út könnun til aðila varðandi markaðsáætlun haustsins. Þá er markaðsáætlun 2020/2021 í undirbúningi fyrir innanlandsmarkað og erlendis. Stefnt er á að yfirfæra „Saga og mynd“ verkefnið á erlendu miðlana. Þá er einnig framundan að vinna dýpra í þeim verkefnum sem sett voru í gang með hraði í vor/sumar eins og upplifðu, vefsíðu, efnissköpun, samfélagsmiðlum og fleira.

### **Áfangastaðaáætlun – DMP**

Laufey verkefnastjóri kemur inn á fundinn. Unnið hefur verið í verkefnum sem tengjast áfangastaðaáætlun samkvæmt áætlun sl. misseri. Skýrslum og fleiru skilað til Ferðamálastofu samkvæmt samningum.

#### **Ferðaleiðir**

Laufey kynnir gönguleiða- og hjólaleiðahandbækur sem hún er búin að vera að vinna að í tengslum við ferðaleiðaverkefni (og þematengdar samgöngur hjá SASS) og áfangastaðaáætlun. Handbækurnar hafa m.a. verið senda á sveitarfélögin. Verkefnið er styrkt af Ferðamálastofu og SASS.

#### **Vitaleiðin**

Ný ferðaleið sem átti að opna fyrst í maí og var fært til 15. ágúst var aftur frestað vegna ástandsins og að ósk sveitarfélaganna. Laufey segir frá mismunandi ferðamátum og sýnir skilti með korti og vefsvæði. Sýnir möguleika og google lausnina sem er á vefsvæðinu. Kallað hefur verið eftir rýni á síðuna frá rekstraraðilum á leiðinni áður en farið er í þýðingu á ensku. Sveitarfélögin hafa unnið að því að bæta merkingar.

Til umræðu var tilkoma og ferli þessa verkefnis. Ástæða þess að Markaðsstofan fór af stað í slíka vinnu var vegna þess að í áfangastaðaáætlun var kallað eftir fleiri ferðaleiðum og vekja athygli á svæðum sem ekki voru eins mikið heimsótt. Hugmyndin að þessari leið kom upp á Markaðsstofunni sem leitaði svo til sveitarfélaganna sem voru mjög jákvæð fyrir samstarfi. Það eru einnig hugmyndir á öðrum svæðum en ákveðið var að leggja áherslu á að klára eina leið fyrst og svo er hægt að vinna á svipaðan máta aðrar leiðir. Laufey er að taka saman ferlið og þá vinnu og greiningu sem unnin var í kringum mótun leiðarinnar.

Tillaga kom frá Helgu Lucie að samtvinna betur innra starf MSS við áfangastaðaáætlun og hennar. Súpufundir yrðu t.d. hluti af því þar sem mismunandi hópar/hagsmunaaðilar/þemu verði rædd með tilliti til áfangastaðaáætlunar. Eins myndi vinna Faghópsins byggjast meira á áætluninni.

**Framundan** er að útfæra opinn fund sem á að hluta að vera til grundvallar uppfærslu áfangastaðaáætlunar. Laufey fundar með tengiliðum hvers svæðis til að fara yfir áætlunina og leggja drög að umræðum. Áframhaldandi vinna við uppfærslu áfangastaðaáætlunar.

### **Matarauður Suðurlands**

Vinnustofur fóru fram á öllum svæðunum í vor, ágæt þátttaka og vel heppnað að mati þátttakenda og MSS. Ákveðinn lærdómur varð til þar sem Laufey vinnur nú að að koma inni verklag og umgjörð áfangastaðaáætlunar. Laufey sýnir t.d. kortin sem Helga gerði um matavælaframleiðendur og svo

veitingastaði. Verið er að finna þessu stað á vefnum ásamt betri umfjöllun um matarauðinn. Einnig var reynt að kalla eftir sögum um ólíkar matarhefðir. Áfram verður unnið með matarauðinn á svæðinu. Unnið var að lokaskýrslu og Helga Lucie kom með tillögur að framhaldi verkefnisins.

**Framundan** er að skoða hvert framhaldið verður og greina ný tækifæri þegar kemur m.a. að styrkjum.

### **MAS samstarf**

Tíðir fundir voru með stoðkerfinu á Covid tímum, leitað var til okkar úr ýmsum áttum til að fara yfir stöðu og þróun mála og áhrif faraldursins á svæðinu. Upplifðu verkefnið var stærsti snertiflötur samstarfsins sl. misseri. Líklegt þykir að endurskoða þurfi Mannamót vetrarins og ákveðið var að fresta haustráðstefnu nema að ástandið breytist eitthvað. MAS fundur var í gær og var þar m.a. ákveðið að ýta á eftir fyrri erindum um fjármuni í heimasíður, fjármögnun næsta árs (DMO), frekari greininga á innanlandsmarkaði og fleira.

**Framundan** er m.a. endurnýjun samninga við Ríkið og væntanleg stofnun áfangastaðastofa. Þá verður unnið að því að klára Upplifðu og nýja vefi sameiginlega.

### **Samstarfssamningur við SASS**

Tókum að okkur umsjón með framkvæmd markaðsherferðar innanlands ásamt því að koma að fræðsluþættinum einnig. Önnur verkefni og fundir eins og áður. Ný skýrsla hefur verið gefin út um ferðapjónustuna á Suðurlandi sem þarf að rýna til að geta nýtt við áframhaldandi vinnu.

**Framundan** er endurskoðun byggðaaætlnar en ferðapjónusta ekki með mikið vægi þar ásamt vinnu við Uppbyggingasjóð, ráðgjöf og fleira.

### **Faghópur sveitarfélaga**

Mikið og þétt samstarf var í hópnum í vor/sumar á mismunandi sviðum í tengslum við m.a. innanlandsátak sem fól í sér vinnu við ferðahugmyndir, efnissköpun og fleira. Hópurinn er gríðarlega mikilvægur samstarfsaðili í mörgum verkefnum.

*Framundan* er faghópsfundur 9. sept. og mun hann leggja einhverjar línur fyrir starf haustsins. *Framundan* er einnig endurnýjun samninga við sveitarfélögin.

### **Aðildarfyrirtæki**

Reikningar fyrir aðildargjöldum ársins voru sendir út í júlí og er greiðslufrestur veittur fram í október. Allar aukaskráningar voru felldar niður og í tölvupósti voru send út skilaboð um skilning á aðstæðum aðildarfyrirtækja og að hægt væri að semja um greiðslur.

Rafrænir súpufundir með aðilum verða haldnir um miðjan september en mikilvægt er sem fyrr að halda góðum tengslum við fyrirtækin. Innlegg verður um markhópa/markaðsmál sem Hörður hjá Vert Markaðsstofu mun koma með ásamt erindum frá fyrirtækjum sem hafa aðlagð rekstur sinn að aðstæðum og/eða farið nýjar leiðir. Samtal í framhaldi fyrir vöruframboð og sóknartækifæri haustsins. Það verður rætt í faghóp og svo með fyrirtækjum að búa til einhvers konar pakka fyrir haustið/veturinn.

## **Önnur mál – innri mál**

### **Starfsmannamál/skrifstofa**

Sumarleyfi starfsmanna var í júlí og fyrstu vikuna í ágúst, en lokað var á skrifstofu þá viku. Helga Lucie lauk þá störfum í lok júlí og er komin í fæðingarorlof. Framkvæmdastjóri mun vera í leyfi í september og munu verkefnastjórar sinna daglegum verkefnum en stjórn taka stærri og skuldbindandi ákvarðanir.

### **Ársfundur**

Stjórn ákveður að fresta aðalfundi fram til 15. október og taka stöðuna þá hvort um rafrænan fund verður að ræða. Ragnildur leitar leiða til að framkvæma rafræna kosningu. Dagný auglýsir eftir framboðum til stjórnar.

### **Fundir**

Mikilvægt að starfsmenn MSS fylgist vel með umræðu/fundum/þingum sem eru í gangi til að vera vel inn í umræðunni og því sem er efst á baugi hverju sinni. Þurfum að taka stöðuna reglulega til að geta miðlað áfram og umhverfið breytist hratt. Þurfum að vera áfram líka í góðu sambandi við fyrirtækin og viljum endilega að þau nýti sér að vera í sambandi við okkur til markaðsráðgjafar og samstarfs.

### **Önnur mál**

Umræður fóru fram um gengi sumarsins, hertar aðgerðir og áhrif þeirra á fyrirtækin.

Fundi slitið 12:15.